



Kæru foreldrar

Nú stýttist í skólabyrjun hjá börnunum ykkar og við í skólanum erum orðin spennt að taka á móti þeim. Undirbúningur hefur gengið vel og það er allt að verða tilbúið til að skólabyrjun verði sem best á báðum starfsstöðvum, í Hólabrekkuskóla og Korpuskóla.

Skólaasetning er þriðjudaginn 22. ágúst hjá nemendum í 2. – 10. bekk. Fyrsti bekkur byrjar í viðtölum 22. og 23. ágúst svo fyrsti skóladagur hjá þeim er fimmtudagurinn 24. ágúst.

Nemendur í 2. – 5. bekk mæta í skólann samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 22. ágúst kl. 8:30 og byrja allir daginn hjá umsjónarkennara í sinni heimastofu.

Nemendur í 6. – 10. bekk fara í sína fyrstu rútuferð í Korpuskóla á þriðjudaginn 22. ágúst og verða tímasetningar svona:

Rútutafli fyrsta skóladaginn 22. ágúst

Árgangar	Rúta frá Hólabrekkuskóla	Rúta frá Korpuskóla
6. bekkur	Brottför 8:30	Brottför 13:40
7. bekkur	Brottför 8:30	Brottför 13:40
8. bekkur	Brottför 9:10	Brottför 14:10
9. bekkur	Brottför 9:10	Brottför 14:10
10. bekkur	Brottför 9:50	Brottför 14:40

Rúturnar fara frá aðalinngangi skólans og verður starfsfólk skólans þar tilbúið til að taka á móti nemendum og fylgja þeim í Korpuskóla. Fyrsta skóladaginn verður farið vel yfir það með nemendum hvernig rútskipulagi verður háttað í 6. – 10. bekk.

Vikuna 22. – 25. ágúst eru foreldrar boðnir sérstaklega velkomnir að koma í heimsókn á skólatíma og skoða skólahúsnæðið á báðum starfsstöðvum.

Hlakka til samstarfsins í vetur,

Lovísa skólastjóri

lovisa.gudrun.olafsdottir@rvkskolar.is